



## Fundur háskólaráðs 14. júní 2002

### Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 29.05.2002  
Dags: 14.06.2002

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169 2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4302/4303/4041  
Fax: 525 4038

11/2002

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, föstudaginn 14. júní var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

Mættir voru: Páll Skúlason, Guðmundur G. Haraldsson, Ármann Höskuldsson, Jón Ma. Ásgeirsson, Þórdís Kristmundsdóttir, Baldvin Þór Bergsson, Stefán Ólafsson, María Guðmundsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram yfirlit um skil á rannsóknaskýrslum kennara eftir deildum.
- 1.2 Lögð fram greinargerð Háskóla Íslands í héraðsdómsmáli Gunnars Þórs Jónssonar gegn Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúsi, dags. 23. maí 2002.
- 1.3 Lögð fram greinargerð ríkislögmans f.h. kjaranefndar í MBA máli, dags. 4. júní 2002.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Drög að tillögu um formlegt gæðakerfi Háskólans, byggð á greinargerð sem lögð var fram á síðasta fundi.
  - Stefnt er að því að málið verði afgreitt á næsta fundi.
- 2.2 Endurskoðaðar reglur um veitingu viðurkenninga til starfsmanna.
  - Málið verður aftur á dagskrá á næsta fundi.
- 2.3 Lagt fram bréf frá Reyni Tómasi Geirssyni, deildarforseta læknadeildar, dags. 29. maí 2002, ásamt drögum að reglum læknadeildar Háskóla Íslands um ráðningu og framgang starfsmanna með hæfnisdóm og skýringum með reglunum.
  - Málinu vísað til umsagnar Félags prófessora og Félags háskólakennara. Stefnt er að því að málið verð afgreitt á næsta fundi.
- 2.4 Tillaga læknadeildar að breytingu á reglum nr. 885/2001 um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkrahjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands.
  - Málið kynnt og stefnt að afgreiðslu á næsta fundi.
- 2.5 Lagt fram bréf frá Hönnu M. Jónsdóttur, rekstrarstjóra Atvinnumiðstöðvar stúdenta og Guðrínu Björnsdóttur, framkvæmdastjóra Félagsstofnunar stúdenta. Í bréfinu er óskað eftir að Háskóli Íslands skoði þann möguleika að koma að stofnun félags um rekstur atvinnumiðstöðvar fyrir nemendur. Samskonar bréf var einnig sent forsvarsaðilum annarra skóla á háskólastigi.
  - Samþykkt einróma að fela rektor að ganga frá málinu.
- 2.6 Tillaga félagsvísindadeildar um Stofnun stjórnsýslu og stjórn mála í Háskóla Íslands. Einnig lögð fram ný drög að reglum um Alþjóðamálastofnun, dags. 12. júní 2002 (eldri drög dags. 23. mars 2002).

### 3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Viðbótarsamningur H.Í. og LSH, ásamt fylgiskjölum og tillögum að reglum sem nauðsynlegt er að setja í tengslum við samninginn.  
- Rektor greindi frá stöðu málsins. Í máli rektors kom m.a. fram að viðbótarsamningurinn er í höfn en eftir er að ganga frá nokkrum tæknilegum málum.
- 3.2 Tillaga að reglum um sértæk úrræði í námi (drög lögð fram 30. apríl 2002), sbr. endurskoðaða stefnu H.Í. í málefnum fatlaðra, samþ. á 7. háskólafundi 23. maí 2002.  
- Samþykkt einróma.
- 3.3 Tillaga um tilfærslu starfsþátta háskólakennara við 55 og 60 ára aldur, sbr. síðasta fund. Fyrir fundinum lá tillaga millifundanefndar háskólaráðs að reglum um aldurs- og árangurstengda tilfærslu á starfsþáttum, dags. 5. júní 2002, og gerði Guðmundur G. Haraldsson grein fyrir henni. Markmið reglnanna er að efla Háskóla Íslands sem alþjóðlegan rannsóknaháskóla í anda vísinda- og menntastefnu skólans. Þeim er ætlað að auka virkni í rannsóknum við Háskóla Íslands, enda er það forsenda þeirra að tilfærsla vinnuskyldu frá kennslu til rannsókna grundvallist á virkni og árangri í rannsóknum. Markmiðið er enn fremur að auka jafnræði milli kennara skólans. Málið var rætt ítarlega og ákveðið að millifundanefndin sendi endurskoðuð regludrög til umsagnar Félags prófessora og Félags háskólakennara. Stefnt er að því að afgreiða málið á næsta fundi.
- 3.4 Fjöldatakmörkun.
- a) Tillögur læknadeildar (um læknisfræði) og hjúkrunarfræðideildar um fjöldatakmörkun háskólaárið 2002 – 2003, ásamt tillögu hjúkrunarfræðideildar um nýjar reglur um fjöldatakmörkun (áður á dagskrá 7. febrúar 2002).
- b) Tillaga að reglum fyrir Háskólann um fjöldatakmörkun (áður á dagskrá 7. febrúar 2002).  
- Báðar tillögurnar samþykktar samhljóða.
- 3.5 Erindi stjórnar Háskólaútgáfu um ritrýni bóka (áður á dagskrá 15. apríl 2002). Magnús D. Baldursson, formaður stjórnar Háskólaútgáfunnar, gerði grein fyrir málinu og svaraði spurningum og athugasemdum sem fram komu á fundi ráðsins 15. apríl sl. Málið var rætt og lagði rektor fram eftirfarandi tillögu:  
„Háskólaráð samþykkir að fela vísindanefnd, í samráði við rektor og stjórn Háskólaútgáfunnar, að útfæra tillögur stjórnar Háskólaútgáfunnar um útgáfu ritrýndra bóka, dags. 20. mars 2002. Miðað skal við að Rannsóknasjóður styrki útgáfu allt að fimm ritrýndra bóka á ári næstu tvö ár frá hausti 2002 að telja, en fyrirkomulagið verði endurskoðað áður en það tímabil er út runnið.”  
- Samþykkt einróma.
- 3.6 Drög að heildaráætlun fyrir Háskóla Íslands.  
Fyrir fundinum lágu endurskoðuð drög að heildaráætlun fyrir Háskóla Íslands og var farið vandlega yfir þau.  
- Málið verður á dagskrá áfram.

#### 4. Önnur mál

##### 4.1 Málefni Háskólabíós.

Stefán Ólafsson, formaður stjórnar Háskólabíós, gerði grein fyrir rekstrarstöðu og hugmyndum um framtíð Háskólabíós. Eftir ítarlegar umræður samþykkti ráðið einróma að heimila rektor að ganga til samninga um útleigu á aðstöðu til kvikmyndasýninga í Háskólabíói ef viðunandi samningar nást.

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 16.40

